

## Siðareglur Landsvirkjunar

Siðareglur Landsvirkjunar innihalda almenn viðmið um háttarni og ábyrga starfshætti. Siðareglurnar taka til allra þeirra sem starfa hjá fyrirtækinu og koma fram fyrir hönd þess eða í nafni þess.

Allt starfsfólk gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Stjórnendur sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi þeirra. Með skráningu á siðareglum skapast sameiginlegur skilningur á því í hverju meginskyldur og ábyrgð starfsfólks felst. Verði starfsfólk vart við ámælisverða háttsemi innan fyrirtækisins ber því að greina frá upplýsingum þess efnis samkvæmt Viðbragðsáætlun – ámælisverð háttsemi eða grunur um misferli.

### Vinnubrögð

- Við störfum af vandvirkni, heiðarleika og samkvæmt bestu dómgreind. Við tileinkum okkur vinnubrögð sem skapa traust á starfi okkar og fyrirtækisins og vinnum gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna.
- Við gætum ávallt fyllsta öryggis í störfum okkar og fylgjum öryggisreglum í hvívetna.
- Við gætum þess að skrá samskipti og skjöl í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til skjalastjórnunar. Landsvirkjun birtir uppgjör opinberlega, reikningsskil eru gerð samkvæmt lögum, reglum og opinberum stöðlum
- Við vöndum vinnubrögð og alla meðferð upplýsinga og skjala og gætum nauðsynlegs trúnaðar.
- Við göngum vel um allar eignir fyrirtækisins og nýtum þær ekki til einkanota nema fyrir liggja skriflegur samningur um slíkt eða ótvírætt samþykki viðeigandi aðila. Við nýtum upplýsingatækni með ábyrgum hætti. Við notum ekki hug- og vélbúnað Landsvirkjunar til að skoða eða sækja óviðeigandi eða ólöglegt efni af netinu.

### Jafnrétti og virðing

- Í störfum okkar höfum við jafnrétti og mannréttindi ævinlega að leiðarljósi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og þeim sem við höfum samskipti við í gegnum starf okkar. Við sýnum umburðarlyndi og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og aðstæðna. Við stuðlum að gagnsæjum starfsaðferðum og góðum samskiptum á vinnustað og stuðlum þannig að öflugri liðsheild.
- Við eigum hreinskilin samskipti við samstarfsfólk og alla hagsmunaaðila. Við svörum fyrirspurnum málefnalega og vísu í gögn þegar því verður við komið. Við gætum að orðspori Landsvirkjunar í samskiptum utan vinnu.

### Samstarf

- Við höfum virðingu og heiðarleika að leiðarljósi í samskiptum okkar við alla samstarfs- og hagsmunaaðila. Við gerum kröfu um að starfsemi samstarfsaðila sé samkvæmt ríkjandi lögum, reglum og viðmiðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Við öflum okkur nægilegra upplýsinga um samstarfsaðila til að fullvissa okkur um að Landsvirkjun, eða samstarfsaðilar Landsvirkjunar, gerist ekki aðilar að um mannréttindabrotum.
- Við störfum af heilindum og látum persónulega hagsmuni ekki hafa áhrif á störf okkar fyrir Landsvirkjun. Við þiggjum ekki gjafir eða hverskyns hlunnindi sem eru til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála. Hjá Landsvirkjun vinnum við gegn hvers kyns spillingu.